

Kennaraháskóli Íslands

Kennsluréttindabraut

Kennslufræði greinasviða

og æfingakennsla

Kennari: Elín María Thayer

Ég sem kennari:

Starfskenning mín

Guðlaug Erlendsdóttir

Nóvember 2007

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	II
1 INNGANGUR.....	1
2 STARFSKENNINGIN MÍN	1
2.1 GREININ SEM ÉG KENNI.....	1
2.2 VIÐHORF MÍN TIL NÁMS OG TIL NEMENDA.....	3
2.2.1 HVERNIG HUGSA ÉG UM FÓLK SEM NÁMSMENN	3
2.2.2 HVAD MERKIR Í MÍNUM HUGA AÐ LÆRA EITTHVAÐ VEL?	3
2.3 KENNSLA OG KENNSLUHÆTTIR.....	4
2.3.1 HVAD ER GÓÐ KENNSLA Í MÍNUM HUGA?.....	4
2.3.2 HVAD MERKIR FYRIR MÉR AÐ KENNA VEL?	5
2.3.3 HVAD MERKIR FYRIR MÉR AÐ KENNA MÍNA GREIN VEL?	5
2.4 NÁMSMAT.....	6
2.4.1 VIÐHORF MÍN GAGNVART NÁMSMATI.....	6
2.4.2 TIL HVERS ER NÁMSMAT?	6
2.4.3 HVERNIG VIL ÉG HAGA NÁMSMATI ÞEGAR ÉG KENNI MÍNA GREIN?	7
3 LOKAORÐ	8
HEIMILDASKRÁ	9

1 Inngangur

Þessi kafli mun fjalla um það hvernig kennara ég tel mig vera. Ég byrja á umfjöllun um starfskenningu með því að skilgreina hugtakið en geri svo grein fyrir starfskenningu minni. Það mun ég gera með umfjöllun út frá eftirfarandi þemu: Greinin sem ég kenni; Viðhorf mín til náms og til nemenda; Kennsla og kennsluhættir; og Námsmat.

2 Starfskenningin mín

Mun ég nú gera grein fyrir starfskenningu minni. Fyrst mun ég fjalla um starfskenningu almennt og hvað felst í henni.

Með starfskenningu tala Handal og Lauvås¹. um þær hugmyndir sem hafa áhrif á og liggja á bak við beinar athafnir kennara í starfi. Þeir vilja meina að allir kennarar hafi sína eigin starfskenningu og að hún mótist með tíð og tíma meðal annars vegna áhrifa frá persónulegri og faglegri reynslu sem þeir öðlast. Þannig er talið að starfskenningin sé það sveigjanleg að hægt sé að hafa áhrif og móta og þróa hana með leiðsögn.

Þeir líta svo á að starfskenningin sé bæði fagleg og persónuleg. Starfskenningin er fagleg að því leyti að reynsla og þekking sem kennarinn öðlast í námi og starfi móta og hafa áhrif á hana. Jafnframt verður hún fyrir áhrifum af þeim væntingum sem gerðar eru til hans sem kennara. Að hinu leytinu er starfskenningin persónuleg, því þá hafa persónuleg einkenni kennarans, viðhorf hans, tilfinningar, skoðanir og lífsgildi mótandi áhrif á hana.

2.1 Greinin sem ég kenni

Nú mun ég fjalla um greinina sem ég kenni og viðhorf mitt til hennar. Hvers vegna valdi ég þessa grein og hvers vegna tel ég hana vera mikilvæga? Hvað stendur í aðalnámskrá um greinina og er ég sammála því sem þar stendur?

Ég er með BA í sálar- og afbrotufræði og MA í félagsfræði og hef mikinn áhuga á félagsvísindum. Ég er núna í 30 eininga réttindanámi við Kennaraháskóla Íslands og þar sem ég hef fullan hug á að sækja um starfsréttindi í bæði grunn- og framhaldsskóla ákvað ég að taka æfingakennsluna á grunnskólastigi og valdi mér fagið „Lífsleikni“. Þannig næ ég að kenna ungu fólki fag sem ég tel vera afskaplega mikilvægt og koma öllum við og ég sjálf hef brennandi áhuga á.

Í lífsleiknihluta aðalnámskrár² kemur meðal annars fram að námsgreinin eigi að stuðla að og byggja upp alhliða þroska nemandans til þess að hann verði færari til að takast á við kröfur daglegs lífs. Nemandinn á meðal annars að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Hann á að efla félagsþroska sinn og borgaravitund, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Með lífsleiknikennslu er verið að veita nemendum tækifæri til að fjalla á uppbyggilegan og markvissan hátt um hugmyndir, lífssýn og reynslu sína.

Lokamarkmið í lífsleikni í grunnskóla eru meðal annars þau að nemandi:

- þekki eigin styrkleika og veikleika og sé fær um að taka ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar

¹ Ragnhildur Bjarnadóttir, 1993.

² Aðalnámskrá grunnskóla. 2007.

- þroski næmi á margbreytileika eigin tilfinninga,
- öðlist færni í tjáskiptum og styrkist þannig í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum,
- öðlist samfélagslega yfirsýn sem geri honum kleift að skilja og virða reglur samfélagsins,
- verði meðvitaður um hlutverk fjölskyldunnar og þátt hennar í að móta og styrkja sjálfsmynd og lífsviðhorf einstaklinga,
- þroski með sér alþjóðavitund og skilning á grundvallarmannréttindum í því samhengi.

Þetta eru aðeins hluti þeirra lokamarkmiða sem sett eru fram í aðalnámskrá³ og eru þau ekki léttvæg. En að sama skapi eru þau afskaplega mikilvæg og ég er gjörsamlega sammála þeim. Það má geta þess að í þessari nýju aðalnámskrá, sem tók gildi fyrr á þessu ári, er lögð aukin áhersla á fjármálafræðslu, náms- og starfsfræðslu, mannréttindi og að efla borgaravitund nemenda. Allt eru þetta einnig afskaplega mikilvægir punktar.

Ég tel að lífsleikni sé mjög mikilvægt fag sem opnar augu okkar meðal annars fyrir eigin, og annarra, þörfum og löngunum og vekur okkur til umhugsunar um samfélagið. Mér finnst mjög gaman að spjalla við nemendur um lífið og tilveruna og fá þá til að velta samfélaginu aðeins fyrir sér. Eins finnst mér óskaplega mikilvægt að þjálfarar nemendur í að segja jákvæða hluti um sjálfa sig. Það er í rauninni grátlegt hvað krakkar geta verið harðir í eigin garð og rífið sig niður en eiga svo afskaplega erfitt með að segja góða hluti og jákvæða um sjálfa sig, og í mörgum tilfellum um samnemendur sína. Því finnst mér að við þurfum að þjálfarar þá markvisst í að sjá sínar góðu hliðar og að tjá sig um þær og er lífsleiknikennsla mikilvægur vettvangur til þess. Það er frábært að fylgjast með öryggi þeirra vaxa í slíkri tjáningu. Mörg fyrstu skiptin eiga þeir afskaplega erfitt með að finna eitthvað jákvætt í eigin fari, og eftir mikla hvatningu kemur kannski „ja ég er góð/ur að teikna” eða „ég er góð/ur í fótbolta”, sem er náttúrulega bara frábært. En það er ekki síður mikilvægt að þeir geti sagt hvort þeir séu til dæmis þolinmóðir, tillitssamir, traustir vinir, samviskusamir, umburðarlyndir og svo framvegis.

Lífsleiknitímar geta verið óskaplega skemmtilegir og það lánast yfirleitt vel að brjóta aðeins upp hina hefðbundnu kennslu og bara spjalla um daginn og veginn og það sem okkur finnst mikilvægt. Eins dýpkum við skilning okkar á því hvernig við berum virðingu fyrir okkur sjálfum, öðrum einstaklingum, eigum okkar og annarra.

Eins eru lífsleiknitímar alveg kjörnir til að efla bæði fjármálavitund og borgaravitund ungs fólks. Ég tel það vera nauðsynlegt að við lok grunnskóla hafi nemendur einhverja hugmynd um fjármál og hvað það þýðir til dæmis að taka bílalan. Einnig er þetta frábær vettvangur til að láta nemendur „búa” til sína eigin fjölskyldu (á pappír) og gefa sér upp tekjur og gjöld einstaklinganna og láta þá reka heimili í ákveðinn tíma. Eins er mjög mikilvægt að fræðast um einhverja ákveðna hópa í samfélaginu, eins og til dæmis fatlaða, eða innflytjendur, og spjalla um aðstæður þeirra og kynna okkur þær nánar. Oftast kemur umburðarlyndi og virðing fyrir öðrum með þekkingu og með því að fjalla um aðstæður þessara hópa lærum við á samfélagið. Með slíkri umfjöllun eflum við borgaravitund okkar eins og lokamarkið í lífsleikni gera ráð fyrir.

³ Aðalnámskrá grunnskóla. 2007.

2.2 Viðhorf mín til náms og til nemenda

Verður nú fjallað um viðhorf mín til nemenda og hvaða augum ég lít þá. Einnig verður fjallað um hvernig ég hugsa um fólk almennt sem námsmenn. Að lokum er umfjöllun um hvað það merkir í mínum huga að læra eitthvað vel, til dæmis hluti sem tengjast mínu fagi.

Almennt hef ég mjög jákvæð viðhorf til nemenda, upp til hópa eru þetta allt góðir og yndislegir krakkar. Ég hef kennt í nokkur ár og það hefur verið mjög gaman að fylgjast með nemendum og skynja hve ólíkir þeir eru. Maður er fljótur að læra að ekki þýðir að bjóða öllum upp á það sama, hvorki hvað námsefni né kennsluáferðir varðar. Nemendur eru sterkir á mismunandi sviðum og það er mikilvægt að við sem kennarar séum meðvitaðir um það að velja mismunandi kennsluáferðir sem reyna á mismunandi greindir nemenda og koma þannig til móts við alla⁴. Sumum nemendum gengur betur að vinna með höndunum og jafnvel að draga upp mynd af því sem við erum að gera. Á meðan aðrir til dæmis gera mikið af því að taka glósur og þess háttar. Mér finnst það mjög krefjandi, en um leið mjög gefandi, að finna út hvað hentar hverjum nemenda. Svo finnst mér líka alveg frábært að kynnast því hvað margir þeirra hafa rosalega gott sjónminni og er það stundum alveg með ólíkindum.

Þrátt fyrir að nemendur séu almennt frábærir krakkar, þá hef ég að sjálfsgöðu kynnst nemendum sem mér líkar síður við en aðra. Í fyrstu var mjög erfitt að viðurkenna fyrir sjálfri mér að mér líkaði misvel við nemendur mína, það var erfiður biti að kyngja. En maður verður að vera raunsær og taka því eins og öllu öðru í kennslu. Það er náttúrulega óraunhæft að ætlast til þess að manni líki vel við alla, ekki frekar en að öllum nemendum líki við mann sjálfan. Það reynir hins vegar á fagmennsku kennarans að láta það ALDREI í ljós og aldrei að mismuna nemendum hvernig sem manni líkar við þá.

Eins og ég talaði um hér að ofan, þá eru nemendur náttúrulega eins ólíkir og þeir eru margir. Hver og einn er einstakur og kemur það í hlut kennarans að virkja hinar ólíku hliðar nemenda sinna og að koma til móts við ólíkar þarfir og getu hvers og eins.

2.2.1 Hvernig hugsa ég um fólk sem námsmenn

Almennt held ég að fólk séu góðir námsmenn og vilja gera sitt besta. Ég held að við sem kennarar verðum að sjá til þess að nemendur líti á námið sem áfanga að einhverju markmiði og hafi þannig tilgang. Jafnframt verðum við að vera dugleg að hvetja þá áfram og gera námið þannig úr garði að það sé hvetjandi. Mér hefur því miður fundist að nemendum í grunnskóla skorti stundum metnað og hvata til að gera sitt besta. Þar held ég að við kennarar verðum að taka okkur á og kveikja með þeim áhuga og metnað. Þetta má til dæmis gera með því að hætta að matreiða allt ofan í þá í grunnskóla. Ég tel að við verðum að láta þá taka meiri ábyrgð á sínu námi og námsframvindu fyrr á skólagöngunni. Það getur verið fullseint í rassinn gripið að ætlast til þess að þegar þeir eru komnir á framhaldsskólastig séu þeir skyndilega færir í að stjórna og bera fulla ábyrgð á sínu námi.

2.2.2 Hvað merkir í mínum huga að læra eitthvað vel?

Þegar ég er orðin örugg með eitthvað efni og lagt góða vinnu í það og get tjáð mig um það með eigin orðum, tel ég mig hafa lært vel. Eins tel ég að ég hafi lært ákveðið efni

⁴ Armstrong, Thomas. 2001.

vel ef ég get komið því frá mér til nemenda á auðskilinn og öruggan hátt. Þegar maður kann efnið vel þá eykst öryggið og maður lendir ekki á gati í kennslustund ef nemendur spyrja einhvers sem maður er ekki öruggur með. Eins tel ég að maður hafi lært eitthvað vel ef við getum nýtt okkur þann lærdóm úti í atvinnulífinu og sinnt starfi okkar af öryggi.

2.3 Kennsla og kennsluhættir

Hérna mun ég fjalla um hvað sé góð kennsla í mínum huga. Einnig fjalla ég um hvað það merkir fyrir mér að kenna vel, og þá ekki síst hvað það merkir fyrir mér að kenna mína grein vel.

2.3.1 Hvað er góð kennsla í mínum huga?

Það er nú sjálfsagt ekki til neitt einfalt né rétt svar við því hvað sé góð kennsla. Hins vegar tel ég að kennari og nemendur hans hafi saman átt góða kennslustund ef kennarinn hefur náð að miðla nýrri þekkingu eða færni til nemenda sinna og þeir, á móti, náð að tileinka sér hana. Ég tel góða kennslu byggja á nokkrum atriðum og eru þau samskipti nemenda og kennara, námsmarkmið, kennsluaðferðir og áhugi og kunnátta kennarans.

Í fyrsta lagi tel ég mjög mikilvægt að kennarinn skapi gott kennsluandrúmsloft og komi fram af virðingu við nemendur sína og sýni þeim traust. Þannig byggir hann upp samskipti sem lýsa gagnkvæmri virðingu.

Næst ber að huga að námsmarkmiðum og þarf að setja þau fram á skipulegan hátt. Með námsmarkmiðum er kennarinn að setja fram þau markmið sem kennslan á að ná og tilgangi kennslunnar. Eins og áður sagði, þá verða námsmarkmiðin að vera sett skýrlega fram svo nemendur átti sig á efni og tilgangi kennslunnar. Markmiðin verða að ná til þekkingar nemenda, rökhugsunar, innsæis, færni, viðhorfa og sköpunarhæfileika þeirra⁵.

Þá er komið að kennsluaðferðum og er mikilvægt að kennarinn sé meðvitaður um fjölbreyttar kennsluaðferðir. Hann þarf að gera sér grein fyrir því að sama kennsluaðferðin hentar ekki öllum nemendum. Einnig þarf hann sífellt að íhuga og meta þær kennsluaðferðir sem valdar eru. Rúnar Sigþórsson o.fl.⁶ telur að slík íhugun og sjálfsgagnrýni sé hluti af faglegri ábyrgð kennara og í raun mikilvægasta undirstaða sérfræði kennara. Ingvar Sigurgeirsson⁷ skilgreinir kennsluaðferð sem „það skipulag sem kennarinn hefur á kennslu sinni, samskiptum við nemendur, viðfangsefnum og námsefni í því skyni að nemendur læri það sem að er keppt“. Hann tekur einnig skýrt fram að engin ein kennsluaðferð sé betri en önnur. Kennarinn verður að finna þá kennsluaðferð sem hentar hans nemendum og hann verður að hafa í huga að mjög ólíklegt er að sama kennsluaðferð henti öllum. Kennarinn verður að vera sveigjanlegur og fær um að skipta á milli aðferða ef þurfa þykir og vera jafnvel með nokkrar aðferðir í sömu kennslustund. Kennsluaðferðin verður að taka mið af þörfum nemenda, aldri þeirra og þroska⁸. Það er mikilvægt að kennarinn geri sér grein fyrir því að engir tveir nemendur eru eins og að sérhver einstaklingur sé sterkur á alla

⁵ Ingvar Sigurgeirsson. 1996.

⁶ Rúnar Sigþórsson o.fl. 2005.

⁷ Ingvar Sigurgeirsson. 1999.

⁸ Trausti Þorsteinsson. 2003.

vega einu sviði. Gardner⁹ fjallar um átta greindir sem hann kallar málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskipta-greind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Það er mikilvægt að kennarinn hjálpi nemendum sínum að finna sitt sterka greindarsvið og leggja rækt við það.

Að lokum er það áhugi, kunnátta og færni kennarans. Kennarinn verður að hafa áhuga á því sem hann er að kenna til að vel gangi. Hann verður að hafa námsefnið á hreinu og vera fær um að svara erfiðum spurningum frá nemendum. Ef nemendur finna að kennarinn er óviss um efnið þá geta þeir verið fljótir að missa áhugann og verður þá væntanlega lítið um miðlun á nýrri þekkingu og færni. Eins þarf kennarinn að vera hvetjandi, jákvæður og þolinmóður.

Þessi atriði tel ég að þurfi að vera til staðar til að góð kennsla geti átt sér stað. Oft finnst mér nú eins og kennarinn verði að vera nokkurs konar kraftaverkamanneskja. Það er ekki nóg að hann verði að vera fær í mannlegum samskiptum og vera glöggur á hinar mismunandi greindir nemenda sinna og hafa gott vald á hinum ýmsu kennslu-aðferðum. Heldur þarf hann líka að vera fær í sinni grein og geta miðlað nýrri þekkingu og færni. Hann verður líka að vera þolinmóður og vera fær um að kenna ca 25 manna bekk þar sem kannski fimm til sjö nemendur eru með einhvers konar greiningu og þurfa einstaklingsmiðaða námskrá. Þetta er ekkert smá en að mínu viti gefur þessi fjölbreytni og þessar miklu kröfur starfinu gildi.

2.3.2 Hvað merkir fyrir mér að kenna vel?

Ég tel það vera gríðarlega mikilvægt fyrir kennara að vera stöðugt að meta, breyta og betrubæta kennsluáðferðir sínar. Það er varla hægt að ætlast til þess að kennarar hafi margar kennsluáðferðir á hreinu, heldur þurfa þeir að æfa og þjálfra þessa fjölbreytni. Það er mikilvægt fyrir kennara að sífellt þróa og endurmeta starf sitt¹⁰. Þeir þurfa að endurskoða það námsefni sem þeir kenna og athuga hvort annað jafnvel betra sé til. Eins þurfa þeir að stunda endurmenntun reglulega og tileinka sér nýja þekkingu. Annars tel ég vera mikla hættu á stöðnun.

Kennari verður að mæta vel undirbúinn í kennslu og vera vel skipulagður. Það fer varla á milli mála ef kennari mætir illa undirbúinn og getur það skemmt fyrir kennslunni. Ég veit það af eigin raun að í þau örfáu skipti sem ég hef mætt illa undirbúin þá varð ég mjög óörugg og skipulag tímans var lélegt og það segir sig sjálft að það kom niður á kennslunni. Eins verður góður kennari að aðlaga kennsluna að þörfum nemenda sinna eins og kom fram hér að framan. Ég tel að ef nemandi getur endurtekið með eigin orðum það sem hann lærði í kennslustund þá hafi góð kennsla átt sér stað. Eins er mikilvægt að kennarinn reyni að virkja sem flesta í kennslustundum og vekja áhuga þeirra á efninu og að fá sem flesta með sér.

2.3.3 Hvað merkir fyrir mér að kenna mína grein vel?

Í lífsleikni er gríðarlega mikilvægt að kennarinn sé mjög fær í mannlegum samskiptum og reynir þá heldur betur á samskiptagreind kennarans. Ég tel að lífsleiknikennslustund hafi heppnast vel ef ég hef fengið alla nemendur til að tjá sig og að taka þátt í kennslustundinni. Það getur reynst erfitt að fá suma nemendur til að vera virka og taka þátt, og finn ég sérstaklega fyrir þessu í fögum sem ekki eru til

⁹ Armstrong, Thomas. 2001.

¹⁰ Trausti Þorsteinsson. 2003.

samræmds prófs. En lífsleiknin getur verið rosalega skemmtileg og alveg sérstaklega þegar ég næ nemendum á flug í kennslustundum. Eins er ég ánægð með minn þátt kennslunnar þegar ég sé nemendur nýta sér það sem við höfum verið að læra saman og spjalla um.

2.4 Námsmat

Verður nú fjallað um námsmat og viðhorf mitt til þeirra.

2.4.1 Viðhorf mín gagnvart námsmati

Ég tel að námsmat sé nauðsynleg aðferð til að kanna námsárangur nemenda. Það þarf að vera einhver stöðluð aðferð til að kanna hvort nemendur hafi náð að tileinka sér námsefnið eða ekki. Hins vegar tel ég það vera afskaplega varhugavert að hafa sama staðlaða námsmatið fyrir alla. En þá er kannski tilgangur námsmatsins horfinn ef ekki allir eru metnir á sama hátt?? Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta hljómar öfugsnúið hjá mér enda er námsmat ekki einfalt mál. Enda segir í grein Ingvars Sigurgeirssonar¹¹ að aðferðir við námsmat hafi lengi verið deilumál og sitt sýnist hverjum. Hins vegar telur hann að það sem helst vefjist fyrir kennurum sé að námsmatið sé sanngjarnt fyrir alla nemendur.

Þrátt fyrir að ég telji að meta þurfi nemendur á einhvern staðlaðan hátt þá má kannski það mat vega minna í lokaeinkunn viðkomandi nemenda. Ég er rosalega hrifin af ferilmöppunum þar sem nemendur safna að sér efni sem þeir sjálfir eru ánægðir með og vilja halda upp á. Getur slík mappa verið heimild um öll námsverkefni nemendans. Það þarf ekki endilega að safna bestu verkunum, heldur er einnig um að gera að setja líka stundum misheppnuð verk eða skissur í möppuna. Því það er jú mikilvægt að nemendur átti sig á því, og sjái það, að maður lærir af mistökunum.

Nemandinn getur einnig haldið upp á skrif sín í möppunni og jafnvel umsagnir kennara. Með slíkri möppu má sjá hvernig verk nemandans hefur þróast og hvað hann hefur lært. Í grein Ingvars¹² kemur meðal annars fram að námsmat sem byggir á slíkri ferilmöppu eða sýnimöppu auðveldar kennurum að meta nám og framfarir nemenda; það auðveldar foreldrum og kennurum að átta sig betur á því hvernig nemandanum miðar í náminu; og það auðveldar einnig nemendum að verða virkir þátttakendur í námsmatinu.

Það segir sig nú sjálft að slíkar ferilmöppur henta sérstaklega vel í samskiptum skóla og foreldra. Það er gott fyrir kennarann að hafa slíkar möppur og geta sýnt foreldrum til dæmis á foreldrafundum. Þá er hægt að fara yfir stöðu viðkomandi nemenda. Einnig held ég að foreldrum finnst mjög gott að fá að sjá með eigin augum verk barna sinna og sjá umsagnir kennara um þau verk.

2.4.2 Til hvers er námsmat?

Samkvæmt Paul Black og Dylan Wiliam¹³ hafa kannanir sýnt fram á að námsmat sé nauðsynlegur hluti kennslu og þróun slíks námsmats geti aukið námsárangur. Í raun telja þeir að formlegt námsmat sé eina leiðin til að auka námsárangur. Eins og ég

¹¹ Ingvar Sigurgeirsson. 1998.

¹² S.h.

¹³ Paul Black og Dylan Wiliam. Ódagsett.

sagði áður þá hlýtur að þurfa einhvers konar mat til að kanna námsárangur nemenda og meta framfarir þeirra. Hins vegar er svo alltaf spurning hvers konar námsmat á að hafa. Ég tel það vera mjög jákvæða þróun að í dag sé mikil umræða um námsmat, tilgang þess og hvernig standa eigi að námsmati. Í skólanum „mínum” er þetta nokkuð stór hluti af umræðu og vinnu kennara á deildarfundum yfir veturinn, þ.e. að velta fyrir sér hvers konar námsmat eigi að vera. Það hefur sýnt sig að mikill áhugi er á fjölbreyttu námsmati og telja kennarar að þannig geti þeir sem best komið til móts við alla nemendur sína. Enda segir í aðalnámskrá¹⁴ að það eigi að meta nemandann út frá sem flestum hliðum og að leggja áherslu á þátttöku nemandans sjálfs í mati á eigin námi.

Ég tel að námsmat sé upplögð leið til að komast að því hvernig nemendur mínir læra og styrkleika og veikleika hvers og eins. Eins og Derek Rowntree¹⁵ heldur fram, getur nefnilega verið ansi auðvelt fyrir kennara að missa sig í útkomu námsmats og hvaða einkunnir nemendur þeirra fá og missa þannig sjónar á upphaflega tilganginum með námsmatinu.

Ég má til með að tjá mig aðeins um samræmdu prófin í 10. bekk. Mér finnst það vera alltof langt gengið þegar vinna nemenda í 10. bekk, sérstaklega eftir áramót, er svo til eingöngu miðuð við þau sex fög sem nemendur þurfa/mega að taka samræmd próf í. Finnst mér vera lögð alltof mikil áhersla á þessi samræmdu próf. Sem námsráðgjafa, finnst mér ansi erfitt að fá nemendur til mín vegna prófkvíða strax í janúar og prófin eru ekki fyrr en eftir nokka mánuði. Margir hverjir eru þá strax farnir að kvíða prófunum og það hlýtur að segja sig sjálft að það er ekki gott fyrir nemendur okkar. Og hvað með þá nemendur sem gengur illa á prófum? Þetta geta verið fínir námsmenn en þegar kemur að prófum þá gengur þeim því miður illa, og hvað með þá sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða? Eða þá sem áttu erfiðan dag og því ekki upp á sitt besta þann prófdaginn? Því finnst mér svo óréttlátt að leggja þessa ofuráherslu á samræmdu prófin. Ég held það væri miklu nær að meta vinnu nemenda allt unglingsstigið og sýna þannig fram á námsárangur þeirra og framfarir. Það mat geta svo framhaldsskólarnir nýtt sér þegar valið er hverjir komast inn í viðkomandi framhaldsskóla og hverjir ekki.

2.4.3 Hvernig vil ég haga námsmati þegar ég kenni mína grein?

Í minni grein, lífsleikni, tel ég ekki henta að hafa formlegt námsmat. Heldur er miklu betra að vera með símat og sjálfsmat. Þetta þýðir það að ég er að meta virkni og frammistöðu nemenda minna allt árið. Það er í raun mjög auðvelt að meta frammistöðu nemenda í lífsleikni því svo mikill hluti kennslunnar byggir á virkni nemenda. Þeir verða að vera virkir og taka þátt. Þegar við erum að spjalla um lífið og tilveruna og nemendur að tjá sig um reynslu sína eða skoðanir þá er að sjálfsögðu ekki neitt rétt eða rangt svar. Heldur byggir þetta á því að allir taki þátt. Ég hef hagað námsmatinu þannig að ég punkta hjá mér tvisvar í mánuði virkni og frammistöðu nemenda. Einnig hef ég látið nemendur mína meta eigin frammistöðu. Mér finnst þetta vera frábær námsmatsaðferð en hef því miður ekki notað hana mikið. En ég hef þó látið nemendur mína gera sjálfsmat og útkoman kom mér satt að segja skemmtilega á óvart. Þeir tóku þessu mjög alvarlega og voru ekki að gefa sjálfum sér 10 í einkunn ef þeim fannst þeir

¹⁴ Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 1999.

¹⁵ Derek Rowntree. Ódagsett.

ekki eiga það skilið. Svo hef ég metið verkefnavinnu nemenda yfir veturinn. Svona hef ég hagað námsmati í lífsleikni. Það skemmtilega við námsmat er að maður er sífellt að þróa og bæta og breyta, það sem þarf þó að vera á hreinu er að í upphafi skólaárs viti nemendur nákvæmlega hvað verði metið og hve stór hluti það er af loka-einkunn.

3 Lokaorð

Hef ég nú fjallað um starfskenningu mína. Hafa verður þó í huga að starfskenningin verður ekki til á einni nóttu heldur er hún að breytast og þróast alla tíð. Hóf ég kaflann á umfjöllun um starfskenningu og hvernig Handal og Lauvås skilgreina hana. Þá kom umfjöllun um mína eigin starfskenningu og var sú umfjöllun byggð á eftirfarandi þemu: greininni sem ég kenni, viðhorfi mínu til náms og til nemenda, kennslu og kennsluháttum og námsmati.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. 1999. *Almennur hluti*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla. 2007. *Lífsleikni*. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_lifsleikni.pdf

Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni*. Reykjavík, JPV útgáfa.

Derek Rowntree. Ódags. *Designing an assessment system*.
<http://iet.open.ac.uk/pp/D.G.F.Rowntree/Assessment.html>

Ingvar Sigurgeirsson. 1996. *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík, Æskan.

Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluáferðanna*. Reykjavík, Æskan.

Ingvar Sigurgeirsson. Ódagsett. Fengið af heimasíðu Ingvars Sigurgeirssonar
Kennsluáferðavefurinn
<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/matsbanki/Welcome.htm>

Paul Black og Dylan Wiliam. Ódagsett. *Inside the Black Box: Raising Standards through classroom assessment*. <http://www.pdkintl.org/kappan/kbla9810.htm>

Ragnhildur Bjarnadóttir. 1993. Markmið, leiðir og aðferðir. *Leiðsögn: liður í starfsmenntun kennara*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Trausti Þorsteinsson. 2003. Fagmennska kennara. *Fagmennska og forysta: þættir í skólastjórnun*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.